

ISU Olympic Development Project 2018-2021 (ODP)

Skautasamband Íslands, ÍSS, óskar eftir umsóknum um þátttöku í þróunarverkefni fyrir þjálfara og skautara.

Kröfur sem þarf að uppfylla til þess að geta sótt um:

- Hafa náð 20 ára aldri
- Hafa lokið þjálfaramenntun hjá ÍSÍ
- Hafa lokið sérgreinanámi 1 a, b og c hjá ÍSS
- Hafa þjálfað í 2 ár skautara sem keppa á ÍSS mótum

Ekki er gerð krafa um reynslu í ísdansþjálfun.

Umsóknareyðublað sem fylgir þarf að fylla út og senda til ÍSS ásamt ferilskrá, info@iceskate.is, eigi síðar en **15. mars nk.**

Öllum umsóknum verður svarað og tilkynnt verður um hverjir geta tekið þátt á vegum ÍSS 25.mars nk.

Finnska skautasambandið (FFSA) í samvinnu við Alþjóða skautasambandið (ISU) skipuleggja fjögurra ára þróunarverkefni fyrir þjálfara, einstaklingsskautara og ísdansara. Verkefnið inniheldur árleg námskeið sem haldin eru í Vierumäki í Finnlandi.

Fyrsta námskeiðið er haldið 21.-26. maí 2018.

Norðurlandþjóðir sem eru aðilar að ISU geta sent sex (6) þjálfara og þrjá (3) skautara.

Þjálfarar mega hafa einn skautara með sér, en hægt er að taka þátt án þess að hafa skautara með sér

Skautarar sem geta sótt um þátttöku:

1. Aldurshópur með fæðingardag á tímabilinu: 1.7.2000 – 30.6.2003
 - a. Skautarar þurfa að hafa náð lágmörkum í tæknistigum fyrir Heimsmeistaramót í Junior skv. Reglum ISU (Ladies: Sp 20.00, FS 35.00)
 - b. Skautarar þurfa að hafa 2A og að lágmarki 2 mismunandi þreföld stökk
2. Aldurshópur með fæingardag á tímabilinu: 1.7.2003 – 30.6.2005
 - a. Skautarar þurfa að hafa náð 2A og að lágmarki einu þreföldu stökki

Kostnaður:

Skautasamband Íslands mun greiða námskeiðsgjaldið fyrir samþykktu þátttakendur.

Námskeiðsgjald er 360 Evrur á mann

- Innifalið í því er gisting og matur ásamt ferð á milli flugvallar í Helsinki og Vierumäki. (matur er frá kvöldmat á mánudegi, 21.maí, til hádegis á laugardegi, 26.maí)
- EKKI er innifalinn ferðakostnaður til Helsinki frá Íslandi

Fh. Stjórnar ÍSS

Guðbjört Erlendsdóttir

Guðbjört Erlendsdóttir